

uppi í Borgum? Í gamla daga það amma mín í Bolungarvík fyrir bílunum sem fóru um Óshlíðina. Ef til vill væri öruggast að skjóta því að almættinu, að það líti til með ljósakúplunum í sláturhúsinu um helgina.

*Ræða flutt á 50 ára afmæli
barnaskólans á Hólmanvík
30. október 1998.*

*Matthías Pétursson,
frá Skjaldabjarnarvík:*

Ábúendur í Hraundal 1915 til 1922



Djúpið

Djúpið skerst inn í Vestfirði úr norðvestri og allt að því sker þá í sundur til hálfis, djúpt og hömrum girt til norðurs. Þar eru aðeins þrjár meiri háttar eyjar, Vigur, Æðey og Borgarey. Siglingaleiðir um Djúp eru yfirleitt hreinar, lítið um sker og grynningar, rétt eins og ísaldarjökullinn hafi viljað ganga hreint til verks, enda stórvirkasti grafari allra tíma. Fyrir botni Djúpsins er landið lægra, hjallar og ávalar hlíðar þar sem jökullinn hefur gefið sér góðan tíma til að hefла og snurfusa. En að norðanverðu stendur Vebjarnarnúpur vörð, með sínum tröllslegu hamraveggjum. Innar tekur svo Snæfjallaströndin við, sem ber nafn með rentu. Þeir sem koma til Ísafjarðar og líta yfir til Snæfjallastrandarinnar undrast vafalaust að innan um alla þessa skafla geti nokkur búið og haft lífsviðurværi sitt af landinu.

Fyrir landi er Æðey þar sem árið 1615 gerðust atburðir sem einna svartastir eru í skrautlegri sögu Vestfirðinga. Það var þegar Ari Magnússon sýslumaður í Ögri safnaði liði og lét fara að spænskum skipbrotsmönnum, sem höfðu um haustið brotið skip sitt norður á Ströndum í ís og ofviðri. Ari lét fara að þeim í Æðey og drepa þá alla með svikum og prettum. Sú aðför verður

ævinlega blettur á Vestfirðingum, sem seint verður afmáður og allir vilja helst gleyma.

Að sunnanverðu skerast margir og langir firðir inn í landið. Það er líkt og skaparinn hafi verið að gera þetta að gamni sínu til þess að sýna hvers hann væri megnugur. Löng hefur leiðin verið þreyttum ferðamönnum sem þurftu að kafa ófærðina með þungar byrðar frá Ísafirði og inn í Djúp, eða allar götur norður á Strandir. Yst stendur Stigahlíðin vörð, með sín svörtu hamraþil sem hafa staðið af sér veður og vinda í milljónir ára.

Í Djúpinu hafa um aldir verið ein fengsælustu fiskimið hér við land, enda var Djúpið kallað hjargvættur Vestfirðinga eða gullkistan og þangað sóttu menn í verið allstaðar að af Vestfjörðum. Í eyjunum var mikið fuglalíf, þaðan fengu menn dún og egg, fjör og kraft, oft eftir langan vetur. Hinum megin á skaganum voru matarbúrin miklu, Hornbjarg og Hælavikurbjarg. Þangað var mikið torleiði, um ferleg fjöll að fara, snarbrött fjallaskörð og einstigi, en slíkt settu menn ekki fyrir sig, þegar björgin var annars vegar. Allt gekk þetta út á að komast af, sem gat verið býsna snúinn hlutur í þann tíð. Drýgsti hjargræðisvegurinn var samt sjórinn eða Djúpið. Þangað sóttu menn björg í bú, vetur, sumar, vor og haust, og jusu úr gullkistunni góðu, sem menn töldu ótæmandi. Djúpið er varðað gömlum verstöðum frá botni til ystu nesja, þær eru nú moldu orpnar og grasi grónar. Aðeins eru eftir minningar og gamlar þjóðsögur um það líf sem þar var lífað, um þá baráttu sem þar var háð, um sigra og ósigra og vonir og þrár sem bærdust í brjóstum skinnklæddra sjómanna sem reyndu að draga björg í bú sitt eða húsbænda sinna. Úr gullkistunni var ausið öld eftir öld, allt þar til græðgin og tæknin gengu svo nærri henni að menn voru farnir að skrapa botninn og gullmolarnir er á land bárust urðu sífellt færri og smærri.

Verstöðunum inni í Djúpinu fækkaði, þar var engan fisk að hafa lengur og menn færðu sig því utar, til Bolungarvíkur og Hnífsdals. Þar var útræði erfitt, fyrir opnu hafi og lendingar slæmar, enda þurftu sjómenn að greiða Ægi drjúgan toll árlega í mannlífum.

Þrátt fyrir að menn færðu sig utar, hélt aflinn áfram að rýrna. Skipin stækkuðu, togarnir skófu og skröpuðu upp í landsteina

meðan nokkurn títt var að hafa. En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Norðvestur af Vestfjörðum gengur neðansjávarfjallgarður sem sjómenn kalla Halann. Þegar aflinn úr Djúpinu var orðin svo lítill að varla borgaði sig að reyna að sækja þangað uppgötvuðu menn Halann og þar finnast ein gjöfulustu fiskimið við Island. Á síðustu hundrað árum hefur verið ausið úr þeim milljónum tonna, bæði af Íslendingum og útlendingum. En Halinn er ekkert lamb að leika við, þegar lægðirnar skrúfa sig norður sundið milli Vestfjarða og Grænlands verða þær krappar og kringum þær geisar stormur, sem engu eirir og svo snögg geta veðrabrigðin orðið að eins og hendi sé veifað breytist logn í beljandi stórvíðri. Þá er aðeins eitt til ráða, að forða sér til lands, en það getur verið þrautinni þyngri því sjólagið er oft engu líkt og þegar óvinur sjómanna númer eitt, ísingin, bætist við, verður baráttan oft upp á líf og dauða.

Margt farið hefur mátt lúta í lægra haldi fyrir náttúruöflunum, áður en náð var inn í „fimmstjörnu“ hótelið undir Grænuhlíð, þar sem menn gátu andað léttar við lúxus aðstæður miðað við það sem hafið bauð upp á, að verjast stórsjónum og berja og höggva klaka. Þessar aðstæður þekktu sjómenn og vissu að hverju þeir gengu.

Þannig er umgjörðin um Djúpið og það mannlíf sem þar hefur verið lífað í 1100 ár. Rétt eins og annars staðar á Íslandi, fæddust menn þar og dóu, elskuðu og hötuðu, deildu og sættust, börðust og hefndu. Þar áttu menn sínar vonir og þrár, þar gengu ungir menn og konur hjartsýn til starfa á unga aldri og háðu baráttu við örðugleika og vonbrigði lífsins, en lífið kenndi þeim snemma að dauðasyndin er aðeins ein, að gefast upp.

Drangavík

Árið 1887 hinn 18. júní fæddist hjónunum í Drangavík, summan undir Drangaskörðum, þeim Friðriki Jóhannessyni og Guðbjörgu Björnsdóttir, sveinbarn, sem var vatni ausið og skírt Pétur.

Drangavík er ekki stórbýli, túnið lítið, útengjar litlar og

dreifðar og erfitt að afla heyja fyrir þær fáu skepnur er alla jafna voru þar á fóðrum.

Faðir drengsins var ekki mikil fjáraflamaður, hann hugsaði meira um lestur bóka og veiðiskap, en að standa við slátt á lélegu landi í rýsjóttri tíð. Það var því ekki auður í búii, þótt húsmóðirin reyndi, eins og húsmæðra er siður, að gera allt úr engu, enda varð oft að skammta smátt í þeim hörðu árum sem þá gengu yfir Ísland með hafis og vorkuldum.

Ómegðin var mikil og börnin næstum því telja árin. Af níu börnum deyja þrjú í frumbersku, Jóhannes bróðir Péturs deyr 34 ára og Guðfinna systir hans deyr í Skjaldabjarnarvík 1908 um þrítugt. Árið 1889 dundi svo ógæfan yfir fyrir alvöru, er móðir hans lést af barnsförum og enginn lengur til að veita þá umhyggju, sem ungum börnum er svo nauðsynleg.

Drangar

Að norðanverðu við Drangaskörð eru Drangar, stórbýli frá fornu fari. Mikil hlunnindi, selveiði, æðarvarp, mikil reki og stutt í afar góð fiskimið, enda hefur oft á tíðum verið búiið þar stórbúii, allt frá dögum Eiríks rauða, sem þar bjó.

Nú verður það fangaráð að hjónin á Dröngum, þau Guðmundur Pétursson og Jakobína Eiríksdóttir, taka sveininn unga í fóstur á meðan séð verður hvernig mál þróast í Drangavík og er ekki í kot vísað. En dvölin varð lengri. Það rættist ekki úr í Drangavík og ekki er að efa að hjónin á Dröngum hafa tekið ástfóstri við Pétur. Þar ólst hann upp með börnum þeirra hjóna og er ekki annað að sjá en hann hafi fengið sama atlæti og þau. Víst er að hann tekur miklu ástfóstri við fóstara sinn sem hann kallaði svo og bar fyrir honum ómælda virðingu. Ekki er annað vitað en það hafi verið gagnkvæmt og Guðmundur bóndi á Dröngum hafi reynt að tileinka drengnum heiðarleik og góða siði. Alla vega átti hann síðar á ævinni eftir að tileinka sér drengskap og hallaði aldrei réttu máli og vitnaði þá gjarnan í fóstara sinn.

Enn taka örlögin í taumanna. Guðmundur fóstari Péturs veiktist og lá lengi heima, en fljótt varð ljóst að hverju stefndi, að ekki



Guðmundur Pétursson og Jakobína Eiríksdóttir á Dröngum.

yrði um bata að ræða. Þá kallar Guðmundur á fóstara sinn og biður hann að sjá um búiið með ekkjunnii, þar til börnin þeirra næðu aldri og þroska til að taka við. Þessa hinstu bön varð að uppfylla, ekkert annað kom til greina. Þótt herðarnar væru enn veikburða og kraftarnir ekki stórir skyldi unnið að búinu eins og hann ætti það sjálfur. Guðmundur andaðist svo árið 1910, þá var Pétur 23 ára.

Árin liðu, börnin stækkuðu og búiið á Dröngum dafnaði. Pétur vann því allt sem hann mátti undir handleiðslu ekkjunnar og uppeldisbróður síns, Finnboga, og þeirra systkina Eiríks, Önnu og Steinunnar. Ekkjan þótti nokkuð stór í sniðunum, eins og kvenna var háttur norður þar, enda veitti ekki af, því jafnvel á höfuðbólum mátti ekkert út af bregða, svo öllu væri borgið í hörðum árum. En Pétur á þarna engan rétt, hann vinnur til að greiða fyrir uppeldið og uppfylla óskir fóstara síns. Fyrr en varði voru börnin vaxin úr grasi og fær um að taka við búinu. Verkefni hans var lokið og Finnbogi og Eiríkur hófu sameiginlegan búrekstur á Dröngum.

Nú varð Pétur að sjá um sig sjálfur. Hann var orðinn 26 ára og hafði aldrei farið neitt að heiman. Ekki var hann þó alveg eignalaus, hafði komið sér upp nokkrum bústofni, þó mest af vinnunni hafi farið í að greiða fyrir uppeldið eins og gerðist í þá

daga. Að Dröngum kom hann ómálga barn og ekki í önnur hús að venda, en nú vill hann ekki vera þar lengur, hugurinn stendur til að verða eigin húsbóndi, ekki þjóna undir aðra.

Pétur bregður á það ráð að gerast húsmaður í Ófeigsfirði. Þangað flutti hann 1913 og var þá kominn með nokkurn bústofn, auk þess mun hann hafa haft nokkrar kindur í Skjaldabjarnarvík og var eigandi að tveimur hundruðum að förtu mati í Skjaldabjarnarvík. Sem ungur maður lagði hann drög að framtíð sinni, en jarðnæðið vantaði og jarðir lágu ekki á lausu á þessum tíma.

Sem húsmaður í Ófeigsfirði hafði Pétur nokkuð frjálssar hendur og réð sig á hákarlaskipið Ófeig, sem var stærsta opna skipið er haldið var til hákarlaveiða frá Ströndum. Ófeigur var mjög þungur undir árum en þóttu góður siglari. Honum var haldið til veiða síðla vetrar, róði út á Húnaflóa og legið fyrir stjóra. Túrinngat tækið viku, enginn heitur matur og ekkert skjól. Ætluðu menn að sofa urðu þeir að kasta sér niður á splittina í sjóklæðunum og reyna að festa blund. Vosbúðinni og erfiðinu í þessum hákarlalegum, verður ekki með orðum lýst fyrir nútíma fólki. Versnaði veður, sem oft vildi verða, urðu menn oft að liggja það af sér því ekki þótti alltaf fýsilegt að leita lands. Voru þá hafðir menn á stjóranum til að slaka á honum eða draga hann inn til að verja skipið áföllum. Það var líkast til árið 1914 sem farið var að hafa eldstó í Ófeigi, sem búin var til úr járntunnu, og sagði Pétur að hefði verið bylting að geta fengið heitt kaffi á sjónum.

Pétur vildi verða sjálfstæður og brá á það ráð að skrifa systur sinni, sem var flutt til Skagafjarðar og biður hana að útvega sér vist á einhverjum góðum bæ. Póstsamgöngur voru hægar um þessar mundir, mánuðir liðu og ekkert svar barst. Pétur fer þá á búnaðarnámskeið inn á Hólmavík, en þangað var þá kominn sími. Hann hringir því til systur sinnar og fær þær fréttir að hún sé ekki enn búin að útvega honum vinnumannsstarf, en telur enginn vandkvæði á að það muni ganga.

Enn er haldið norður að Dröngum, tíminn liður og ekkert svar kemur úr Skagafirðinum. Veturinn og vorið 1914 liður og um sumarið var svo farið á sexæring frá Dröngum með ull og aðrar afurðir búans til Norðurfjarðar. Þegar þeir voru komnir

skammt á leið mættu þeir báti sem var að koma frá Drangavík og þar kemur bréf frá Guðbjörgu þar sem hún ávitar Pétur fyrir að hafa ekki svarað sér þar sem hún hafði verið búin að útvega honum vinnumannsstöðu á góðum bæ í Skagafirði. Það bréf hafði Pétur aldrei fengið. Nú var orðið of seint að fá ferð í Skagafirðinn. En næsta vor er hann staðráðinn í að fara.

Vorið 1915 bjó hann sig til fararinnar og hafði ákveðið að taka skipsferð frá Norðurfirði. Pétur kom eigum sínum í varðveislu, kindurnar fékk hann geymdar í Skjaldabjarnarvík og var nú tilbúinn til farar. En þá taka örlögin enn í taumana, það brast á norðan stórviðri og Húnaflóinn fylltist af hafis sem stöðvaði allar skipaferðir. Kannski hefur Pétur verið farinn að hafa áhyggjur af því að honum tækist ekki að koma sér fyrir. Hann fór að finna fyrir þrálátum verkjum í maga og ákvað að leita sér lækningar vestur að Djúpi og hitta Sigvalda Kaldalóns lækni að Ármúla.

Hraundalur

Þegar veðrið lögði hélt Pétur af stað frá Dröngum vestur yfir Drangajökul. Hann var þaukunnugur leiðinni. Fram Meyjardalinn, þvert yfir jökulinn og niður Skjaldfannadalinn að Skjaldfönn. Þetta er 10 tíma ganga. Enginn veit hvað Pétur hugsaði á þessari göngu, með þrálátan verk í maga, æskuheimilið horfið, lítil efni, enginn til að ráðfæra sig við, faðir hans hafði andast 1905. Hann var 28 ára gamall og hafði aldrei farið í aðrar vistir, utan húsmennskunar í Ófeigsfirði, heimilisláus og einmanna upp á reginöræfum. En sú gáta verður aldrei ráðin, hvað fór um huga unga mannsins á göngu hans mót hinu óþekktu.

Pétur gisti á Skjaldfönn hjá Jóhanni Ásgeirssyni og þar var honum sagt að Hraundalur væri laus til ábúðar í næstu fardögum. Þeir segja jörðina góða fjárjörð, að beit sé góð og útengjar miklar og góðar. Þótt túnið sé lítið og stórpýft sé það grasgefið. Daginn eftir var haldið á fund Sigvalda Kaldalóns lækni. Hann segir að Pétur sé með meltingartruflanir, annað sé ekki að honum og lætur hann hafa einhver meðul sem virðast hafa dugað.

Á bakaleiðinni gisti hann aftur á Skjaldfönn og fór yfir að Hraundal til að skoða jörðina. Mikil snjór var yfir öllu en þekjan stóð þó upp úr. Bærinn var ekki stór eða reisulegur, þó kannski ekki mikið verri en gengur og gerist á þeim tíma. Þarna er afráðið að Pétur taki jörðina á leigu frá næstu fardögum. Eigandi Hraundals var Jón Jónsson, bóndi í Tröllatungu í Strandasýslu, en svo virðist að hann hafi haft umboðsmann, Sigurð Þórðarson kaupfélagsstjóra á Laugabóli. Pétur hélt sömu leið til baka, og nú varð ekki aftur snúið, teningunum var kastað.

Heim kominn hefur Pétur farið að undirbúa búferlaflutninganna í Hraundal um næstu fardaga, þótt ekki væru mikil efni. Ef til vill hefur hann farið með síðustu viðarflutningalestinni frá Dröngum, en hún mun hafa verið farinn 1915 og var þá farið upp Meyjardalinn og yfir jökulinn.

Hraundalur liggur suðaustur úr Skjaldfannadal og skerst inn í Vestfjarðahálendið þannig að leiðin til Ófeigsfjarðar um Ófeigsfjarðarheiði er allt að því hálfuð þegar dalnum sleppir. Heiðin var ein aðalleiðin milli Stranda og Djúps og oft mjög fjölfarin, þar sem Strandamenn sóttu verslun og aðra þjónustu ekki síður vestur að Djúpi en í aðra verslunarstaði.

Að norðanverðu er Laugalandsfjall sem skilur að Hraundalinn og Skjaldfannadal, til suðurs er Hamarsfjall og suðvesturs Hraundalsháls. Eftir dalnum fellur Hraundalsá, bergvatnsá sem á upptök sín austur á Ófeigsfjarðarheiði. Næsti bær til vesturs er Laugaland, um 5 km yfir holt og mýrarfláka að fara, en til norðurs er svo Skjaldfönn, sem löngum var stórbýli. Skjaldfönn stendur í Skjaldfannadal en eftir honum rennur Selá, eitt mesta vatnsfall á Vestfjörðum. Selá er jökulfljót, sem nærast af breiðum jökulbungum Drangajökuls, og veltur skamma leið til sjávar kolmórauð og ill yfirferðar. Niður við sjóinn er Ármúli norðanverður við Selá. Þar sat Sigvaldi Kaldalóns, læknir og tónskáld, sem frægt er orðið. Innar og norður af Ármúla er Kaldalón, sem Sigvaldi kenndi sig við.

Kaldalón er um 4 km langur fjörður, með sléttum engjum og óshólmum fram að jökulgarði sem sker dalinn þvert yfir og eftir honum fellur Mórilla sem ber nafn með rentu. Hlíðarnar beggja vegna eru grasi og kjarri grónar þótt snjóar liggi þar í

hlíðum og giljum langt fram á sumar. Fyrir dalbotninum liggur Drangajökull fram á lappir sínar og horfir köldum ísaugum yfir aura og gróðurlendur Kaldalóns og býður færís að hremma þessa dásamlegu vin, þar sem gróðurinn vaknar af dvala ár hvert til að sýna mátt lífsins í þessari tröllslegu ægifegurð. Enginn furða er þótt eitt okkar ástfólgnasta tónskáld kysi að kenna sig við þennan stað.

Vestur af Kaldalóni tekur svo Snæfjallaströndin við. Það eru undur og stórmerki að hægt skuli hafa verið að reka þar búskap og komast af með skaplegu móti. Um aldamótin voru þar margir bæir og allgóð bú, þrátt fyrir gífurleg snjóalög. Þar verða kraftaverk á hverju vori og sumri. Jörð fer fljótt undir snjó á haustin, áður en frost er komið í jörð og þegar loksins vorar og snjóá leysir kemur jörðin græn undan snjónum og gróður tekur við sér með undraverðum hraða.

Til suðurs liggur svo Langadalströndin með fornum stórbýlum eins og Melgraseyri og Arngerðareyri, en fyrir landi liggur Borgarey sem áður fyrr var mikið varpland. Til hafs sést allar götur til hinna fornu verstöðva Bolungarvíkur og Hnífsdals. Þannig var sveitin þar sem hinn ungi einyrki hugðist hefja lífsbaráttunna á eigin spýtur og á eigin forsendum.

Á fardögum flutti Pétur að Hraundal. Hann virðist hafa farið með allan sinn bústofn vestur yfir heiðar, því um vorið á hann 53 dilka og 58 roskið. 40 fráferu lömbum var sleppt á fjall og ærnar í kvíum voru 36. Þá reiknar hann eignir sínar alls á krónur 1.887 og skuldir við ýmsa aðila krónur 94. Ekki voru þetta stóreignir, en margir hafa byrjað með minna og bjartsýni og vorhugur hefur fylgt honum vestur yfir heiðar.

Húsakostur í Hraundal var ekki mikið verri en vaninn var á þessum árum. Aðalhúsið var tvílyft, uppi voru tvö herbergi undir skarsúð, kvistur og gluggi og sex rúðu gluggi á stafni, þessi herbergi voru þiljuð í hólf og gólf. Niðri var geymsla með fjögur rúðu glugga og þar inn af eldhús með tveggja rúðu glugga og inn af því búr með moldargólfi. Sambyggður var skáli sem gengið var inn í og tvö fjárhús með fjórum gördum. Bak við íbúðarhúsin var brunnhús sem bæjarlækurinn rann í gegnum. Þangað var innangengt úr bænum, þannig að aldrei þurftu að fara út til

að sækja vatn, og hefur það verið ómetanlegur kostur, sérstaklega á vetrum því veður gátu verið með afbrigðum hörð langtímum saman. Vestan við húsaröðina var kálgarður og þar við skemma, veggir voru úr torfi, eins og þá var alsíða.

Þegar Pétur kom í Hraundal á fardögum 1915, þurftu hann að verða sér út um vinnufólk. Hann fékk til liðs við sig bróður sinn Einar, sem var þremur árum eldri en hann, og vinnukonu Pálinu Pálsdóttur 32 ára ásamt syni hennar sem þá var tveggja ára. Auk þess Margrétu nokkra Helgadóttur 85 ára og vafalaust hefur hún verið tekin á heimilið til að drýgja tekjurnar, því sveitin hlýtur að hafa borgað með henni.

En ekki er hægt að búa án þess að hafa einhvern til að standa fyrir búi innan húss. Það varð því að ráði að Pétur réði til sín sem ráðskonu Sigríði Elínu Jónsdóttur frá Seli í Bolungavík á Ströndum, þá tuttugu og eins árs að aldri. Sigríður mun hafa unnið eitthvað í Bolungarvík og Hnífsdal. Ekki er vitað hvort þau hafa þekkt áður en hún kom sem ráðskona í Hraundal, þó kann vel að vera að þau hafi hist á Horni við eggjatöku, því þangað sóttu menn víða að á vorin þegar fuglinn fór að verpa, ekki síst af austur Ströndum. Ekki er heldur ólíklegt að hann hafi heyrt hennar getið, því Sigríður gekk undir nafninu Sigríður Strandasól. Hún þótti glæsileg kona, með mikið kolsvart hár, vel meðal manneskja á hæð, grónn og spengilega vaxin, enda munu piltarnir óspart hafa gefið henni hjórt auga.

Móðir Sigríðar var Jakobína Þorleifsdóttir. Hún þótti skörungur mikil en allnokkuð skapstór, eins og verða vildi með þær konur er urðu að lifa við kröpp kjör án þess að láta það buga sig. Jakobína þótti nokkuð forn í skapi og dulræn og var talið að fátt kæmi henni á óvart. Höfðingjadjörf var hún og lét skoðanir sínar í ljós við hvern sem í hlut áttu og lá ekki á þeim. Hún talaði stórkostlegt mál, allt að því forníslensku, en ég held að hvergi hafi málið varðveist betur en í einangruninni þarna norður frá. Ekki var Jakobína allra, en vinum sínum brást hún aldrei. Jón Elíasarson maður hennar var hægur og ómannblendinn, listasmiður og afburða sjómaður. Fyglingur var hann í Hornbjargi yfir 20 ár, lengur en nokkur annar svo vitað sé, en í því starfi entust menn ekki mjög lengi, enda hættulegt og taugaslitandi. Um

hann var sagt að hann kynni ekki að hraðast, en lífsbaráttan hefur líklega kennt honum að til þess að komast af urðu menn að vita hvað þeir voru að gera og ekki tapa áttum þótt stundum þyrfti að taka tæpasta vaðið.

Ekki hafði Jón sig mikið í frammi er kona hans ræddi við gesti. Kæmi það fyrir að hann vildi blanda sér í umræður átti Jakobína til að segja: „Þegiðu Jón ég er að tala.“ Fór hann þá þegjandi út í skemmu að smíða. Dagfarsprúður var Jón og sagðist Jakobína aðeins einu sinni hafa séð hann reiðan. Svo vildi til að allnokkurt tré hafði rekið á fjörur Bolungavíkurs-Sels, en nágranna hans og frænda hafði orðið það á að velta því yfir landamerkin. Þegar þeir félagar hittust heima hjá Jóni, tók Jón til hans og var harðhentur. Sagði Jakobína að hann hefði valið granna sínum um staur einn mikinn sem stóð á hlaðinu og mátti hann biðjast vægðar, enda mun hann aldrei hafa reynt aftur að hlunnfara frænda sinn.

Sigríður kom í Hraundal sumarið 1915 og þá voru strax komnir sex manns í heimili. Ráðskonan unga, aðeins rúmlega tvítug, hefur því haft ærinn starfa, innan húss sem utan. Á þessum árum var tíðarfar mjög erfitt á Íslandi. Þau miklu harðindi er hófust um og upp úr 1880 voru enn ekki farin að láta undan síga svo neinu næmi. Hafís fyrir og við Vestfirði mátti heita ár-viss, með tilheyrandi kulda og grasleysi. Úti í heimi geisaði heimsstyrjöldin fyrri. Verðlag allra nauðsynjavara rauk upp úr öllu valdi, en afurðir hækkuðu ekki að sama skapi. Menn voru ýmsu vanir í þessum efnun, en ekki auðveldaði þetta ástand eignalitlum bónda í afdal á Íslandi að koma undir sig fótunum. Hann varð að koma upp bústofni sem væri nógu stór til að framfleyta heimilinu, en á meðan hlutu afurðirnar sem áttu að greiða kostnaðinn við búið að verða litlar.

Húsbóndinn var ungur og fullur trúar og trausts á framtíðina og ekki spillti ráðskonan unga og fallega fyrir, Sigríður Strandasól. Hún sómdi sér hvar sem var. Hvenær samdráttur þeirra hófst vitum við ekki, en það hefur verið fljótlega eftir að Sigríður kom í Hraundal, því eftir áramótin 1916 var Sigríður orðin ófrísk. Hvort það hefur breytt nokkru um framtíðardrauma Sigríðar vitum við ekki, en sjálfsagt hafa þau bæði gert sér grein fyr-

ir að úr þessu yrði ekki aftur snúið og tilhlökkunin um að bera nýtt líf í heiminn hefur vafalaust verið mikil og draumar foreldra-anna ungu stórir. Nýtt líf sem átti að bera birtu og yl inn í baðstofuna í Hraundal var kviknað. Eflaust hafa þau haft áhyggjur af því hvernig meðganga og fæðing frumburðarins myndi ganga, en þau voru bæði ung og hraust og barnsburðir í heima-húsum daglegt brauð. Ljósmaður þeirra tíma kunnu sitt fag og stutt var í lækinn, Sigvalda Kaldalóns, sem sat á Ármúla.

Ekki er annað vitað en tíðarfar hafi verið með skaplegum hætti 1915. Fólk hefur gengið til starfa sinna við heyannir og önnur þau verk sem vinna þurfti, því allt var undir því komið að menn gætu búið sig svo undir veturinn, að ekki yrði skortur í búi. Svo virðist að veturinn 1916 hafi verið með harðasta móti. Að minnsta kosti gerði mikið stórvíðri í marslok sem stóð marga daga. En veturinn leið eins og aðrir, það kom vor og það kom sumar.

Hjá fólkinu í Hraundal hefur þetta sumar verið öðruvísi en öll önnur. Þetta var annað sumarið sem Pétur var sinn eigin hús-bóndi. Nú bar hann ábyrgð á heimilinu og heimilisfólkinu, það var hans að sjá um að allir hefðu nóg. Og svo var fjölgunar von.

Sumarið leið, haustið gekk í garð og vetur lagðist að. Færð spilltist og lítið var hægt að komast nema gangandi. Ekki er vit-að hvenær ljósmóðirin kom í Hraundal, en 7. nóvember var stundin komin. Í fyrstu var ekki annað að sjá en allt væri eðlilegt. Sveinbarn var að fæðast, en þá uppgötvar ljósmóðirin að nafla-strengurinn er valinn um hálsinn á barninu og hér er komin staða sem hún ræður ekki við. Hvort lækni var sóttur er ekki vit-að, þó er það líklegt, alla vega úrskurðar hann barnið láuð.

Lítið barnslík í fátæklegri baðstofu. Við tekur sorgin, von-brigði og kannski beiskja. Nú fékk Pétur að ganga sín þyngstu spor fram að þessu. Taka þurfti til efni og smíða litla líkkistu til þess að hægt sé að færa drauminn til grafar að Melgraseyri. Ann-að hlutskipti hafði sveininum verið ætlað.

Árið 1917 virðist hafa verið stóráfallalítið hvað tíðarfar varðar, en heimsstyrjöldin var farin að setja svip sinn á allt mannlíf á Ís-landi. Vöruskortur var og gífurlega hátt verðlag, þannig að svarf að mörgu alþýðheimilinu. Í Hraundal hefur eldiviðarskortur-



Pétur Friðriksson og Sigríður E. Jónsdóttir.

inn líklega verið sárastur, húsakynninn með afbrigðum léleg og erfitt að halda hita innan dyra í kuldum að vetrarlagi.

Þegar kemur fram á sumarið 1917 vex þeim Pétri og Sigríði aftur bjartsýni, því nú ákveða þau að gifta sig. Hinn 15. júlí labba þau sparibúin niður að Melgraseyri til að ganga í heilagt hjóna-band, sem entist í 62 ár. Svaramenn voru Jóhann á Skjaldfönn og Eiríkur Guðmundsson bóndi sem kom alla leið frá Dröngum á Ströndum til að vera svaramaður fósturbróður síns. Varla hef-ur verið mikið um veisluhöld, þó hafa þau vafalaust reynt að gera sér dagamun.

Árferðið 1917 virðist hafa verið með skaplegasta móti, eins og lognið á undan storminum. Og aftur á Sigríður von á barni. Haustið og veturinn fram að áramótum var talinn nokkuð hag-stæður. En 5. janúar brast á norðan stórvíðri. Þá rak hafís að landi á Vestfjörðum og fyrir öllu Norðurlandi og Austfjörðum, voru hafþök svo allar siglingar tók af. Samfara þessu gerði gífur-legar frosthörkur, allt upp undir 40 stig inn til landsins. Í Hraun-dal hefur ekki verið auðvelt að verjast kuldunum, þegar allt fraus

sem frosið gat. Gluggarnir héluðu svo að ekki sá út um þá, í baðstofuinni var allt hvítt af hrími og ekki tókst að halda henni frostlausri. Fólkið varð því að safnast saman í eldhúsinu þar sem helst var velgju að fá og reyna að halda á sér hita í rúmumum. En ömurleg hefur vistin verið í þessum heljargaddi, eldiviður af skornum skammti og Sigríður komin átta mánuði á leið. Ísbirnir ganga víða á land og eru drepnir. Veröldin virðist helfrosin. Hvernig á að taka við nýju lífi og fæða það og klæða og verja í þessum helkulda? Ætlar sagan að endurtaka sig? Þessi vetur var með eindæmum, aðeins þeir sem mundu veturinn 1882, þekktu meiri harðindi. Sá vetur var kallaður mislingaveturinn, því þá gengu mislingar og stráfelldu ungbörn um allt land. Það þarf því ekki að undra að veturinn 1918 hlyti nafnið frostaveturinn mikli, enda varð hann mörgum þungur í skauti. En þegar kom fram í febrúar fór heldur að draga úr frostinu og um 20. febrúar tók ísinn að reka frá landi.

Þann 22. febrúar dró til tíðinda í Hraundal. Ljósmodir mætti á staðinn og aftur fæddist drengur og nú gekk allt vel. Hann grét hraustlega, með kolsvart hár sem er ættarfylgja í móðurætt. Öllum létti. Hinn 25. maí var hann skírður Guðmundur í höfuðið á fóstura Péturs. Síðan tók við baráttan um að efla og vernda þetta líf, sem var borið undir hrímaðri súð í fátæku býli í afdal norður við ysta haf, þar sem frostbrestirnir haldu fyrir mönnum vöku, þegar jörðin rifnar undan átökum Veturs konungs.

Enn vorar og klakaböndin leysir. Sumarið varð erfitt, jörð var svo kalin eftir frosthörkurnar að hefyngur varð víða mjög rýr. Þau í Hraundal voru þó betur sett að því leytnu að útengjar eru með afbrigðum góðar, en það var langt að sækja, allt að tveggja tíma lestargangur.

Svo berast váleg tíðindi. Drepsótt er komin upp í Reykjavík, Spænska veikin, og breiðist út um landið. Fólk hrynur niður. Veikin barst til Ísafjarðar en virðist ekki hafa náð að breiðast út um Djúp, enda settu menn heilar sveitir í sótkví til að verjast henni. Þessari vá var því bægt frá.

Árið áttu eftir að bera meira í skauti sínu. Hinn 1. desember var íslenski fáninn dreginn að húni á stjórnarráðshúsinu í Reykjavík í fyrsta sinn. Ísland var orðið fullvalda ríki, þjóð með-

al þjóða og Íslendingar menn meðal manna. Það er erfitt fyrir núúma Íslendinga að gera sér í hugarlund, hversu gífurlega þýðingu þetta hafði fyrir alla landsmenn. Bjartsýni jókst og trúin á framtíðina festi rætur. Þjóðin hafði barist fyrir sjálfstæði sínu, nú var það fengið og menn voru staðráðnir í að sýna Dönum og öllum heiminum að þjóðin gæti séð um sig sjálf þrátt fyrir allar hrakspár. Þetta hafði áhrif inn til innstu dala og út til ystu nesja. Þessi þrautþinda þjóð hafði loksins vaknað, gekk ekki lengur í svefni, bogin í baki og hnýtt efur árhundraða kúgun og harðræði. Þessi vakning sagði líka til sín á litla býlinu í Hraundal. Frostaveturinn mikli var liðinn. Spænska veikin var um garð gengin. Nú hlaut að koma betri tíð með blóm í haga.

En Ísland var enn á sínum stað. Veturinn 1919 var með eindæmum snjóþungur. Gífurleg snjóflóð féllu á Siglufirði og 27 manns létu lífið. Vestfirðingar fóru ekki varhluta af þessum harðindum þótt snjóþyngslin væru ekki eins mikil og á Norðurlandi.

Sumarið eftir eignuðust Íslendingar sína fyrstu flugvél og síðan hefur flugið orðið sífellt snarari þáttur í þjóðlífinu. Það sumar unnu Íslendingar Dani í fyrsta sinn í knattspyrnu og það hefur ekki skeð síðan í hartnær 80 ár. Fótatak nýja tímans heyrðist alla leið upp í innstu dali.

Ekki er að efa að sú bjartsýni er ríki í þjóðfélaginu hefur haft sín áhrif í Hraundal. Að minnsta kosti réðist Pétur í að kaupa jörðina, þó ekki hafi hann haft peninga til að leggja út fyrir henni. Hann hefur því orðið að útvega sér lán og lán fæst ekki nema með ábyrgðarmönnum. Svo virðist sem ekki hafi staðið á því að sveitungar hans hafi gengið í ábyrgð fyrir hann því lán fékk hann í Íslandsbanka á Isafirði upp á kr. 3.000. Samningur var svo gerður á Laugabóli 6. júní 1919 og afsal fyrir jörðinni gefið út að Arngerðareyri 19. júlí sama ár. Seljandi var Jón Jónsson Tröllatungu í Strandasýslu, sem virðist hafa fengið jörðina í arf. Kaupverðið var kr. 4.000, sem hlýtur að teljast hátt fyrir jörð, sem metin var á 12 hundruð að fornu mati.


Ekki er annað að sjá en Pétur hafi greitt jörðina að fullu og þá með lánsfé, í ábyrgð gengust þeir Kristján Kristjánsson, bóndi á Nauteyri, Jóhann Skjaldal, bóndi á Skjaldfönn, Hávarður Guð-

mundsson, bóndi á Hamri og Halldór Þ. Halldórsson, bóndi á Laugalandi. Auk þess virðist hann hafa fengið að minnsta kosti 400 kr. lán hjá séra Sigurði Stefánssyni í Vigur, en fyrir þeirri upphæð tók hann veð í jörðinni. Presturinn hefur talið öruggast að hafa allt vel tryggt bæði á himni og jörðu. Hvernig á því stendur að séra Sigurður lánaði Pétri fé, veit ég ekki, en mikill auður var talinn vera í Vigri og allir þurftu að ávaxta sitt pund, guðsmenn sem aðrir. Alla vega sá hann til þess að skuldin tapaðist ekki, þótt greiðandi tæri jörðinni óreigamaður með konu og tvö börn ung. Vegir guðs eru órannsakanlegir, það sem er ógæfa í dag getur orðið til góðs á morgun.

Nú var Pétur orðinn jarðeigandi, eitthvað sem allir kepptu að á þeim árum, en hann var skuldum hlaðinn og ekkert mátti út af bera svo hann gæti staðið í skilum. Sumarið 1919 virðist hafa verið nokkuð gott og eflaust hefur Pétur reynt að stækka bústofninn, með því eina móti var hægt að standa í skilum. Penningavaldið er samt við sig, þar er engrar miskunnar að vænta standi menn sig ekki.

Pétur var sem sagt orðinn jarðeigandi, en það er eins og hann eigi ekki að geta talið sig meðal annarra fasteignaeigenda, því um þetta leyti varð hann fyrir öðru áfalli sem vafalaust hefur verið mjög þungbært. Hann fárveiktist og Sigvaldi læknir og tónskáld var kallaður til. Úrskurður hans var ótvíræður: Taugaveiki. Allt að því dauðadómur fyrir fátækt og vanbúið heimili, dómur sem ekki varð áfrýjað. Heimilið var sett í sótkví og Pétur í sótkví innan heimilisins í sér herbergi. Sigríður tók að sér að hjúkra honum og varð að sæta afar ströngum reglum, allt var reynt til að koma í veg fyrir að veikin bærist út innan heimilisins. Það hlýtur að hafa verið allt að því ofurmannlegt fyrir unga, óreynda konu, sem aldrei hefur hjúkrað sjúkum manni, að vera allt í einu falið það verk og jafnframt að sjá um að hún og heimilisfólkið smitist ekki. Út á við hlýtur þetta líka að hafa verið mikil raun, enginn mátti koma á heimilið. Allar vistir til heimilis voru skyldar eftir utan túngarðs og aðeins kallast á og þó þannig að vindur stæði af komumanni.

Hversu lengi þetta varði veit ég ekki, en mig grunar að það hafi verið á annan mánuð. Þegar talið var að veikin væri afstað-



Bærinn í Hraundal, teiknaður eflir minni.

in var komið á heimilið vafalaust með fulltingi læknisins. Allt sóthreinsað og brennt sem hægt var og hættulegt gat talist. Erfitt hefur verið að horfa upp á þetta, því ekki var á bætandi, fatnaður og rúmföt varla til skiptanna. Sigríður sagði síðar að sárast hefði sér fundist að missa öll einkabréf sín, en þau voru brennd eins og annað. Þetta hefur gengið nærri Pétri og hann var lengi að ná sér og líkast til hefur hann aldrei beðið þessa fullkomlega bætur.

Veturinn 1920 var með fádæmum erfiður. Frá áramótum var mikil ótíð með fannfergi og hörkufrostum, 20-26 gráðum vestanlands og norðan. Ekkert lát var á þessari ótíð fram í maí og víða voru menn að verða bjargarlausir. Litli bærinn í Hraundal fór ekki varhluta af tíðarfarinu og enn var Sigríður barnshafandi. Sjálfsagt hafa þau haft áhyggjur af því að halda hita á hvítvoðungnum í kaldri baðstofunni. Þann 28. mars fæddist dóttir, heilbrigð og hraust og rauða hárið leyndi sér ekki. Ættarfylgja í föðurættina. Litla stúlkan var skírð 15. ágúst 1920 í höfuðið á móðir Péturs, Guðbjörgu, sem hann missti aðeins tveggja ára, þegar hún var 42 ára gömul.

Nú voru sex manns í heimili, auk þeirra fjögurra voru vinnu-
maður, Jakob Jónsson tvítugur frá Hlíðarhúsum á Snæfjalla-
strönd, og sautján ára stúlka, Sigríður Zakaríasdóttir frá Einfæt-
ingsgili í Strandasýslu. Heimilið var því allþungt, aðdrættir erflið-
ir og afkoman eftir því.

Orlaganornirnar héldu áfram að spinna vef sinn. Það mun
hafa verið á útmánuðum annað hvort 1920 eða 1921, sem þriðja
áfallið reið yfir þau og það með allharkalegum hætti. Einar
bróðir Péturs var raðinn í skiprum í Hnífsdal til að róa þar á vor-
vertið og líkast til hefur hann verið að kveðja. Hann hugðist
flytja suður, því hann hafði tekið saman við Lárensínu Féldesteð,
sem var ekkja eftir Salómon Gunnarsson og með honum hafði
hún átt Pétur Hofmann, Gunnar Úrsus glímukappa og krafta-
mann og Lárus sem var lögregluþjón í Reykjavík áratugum sam-
an. Auk þess átti Salómon tvö börn frá fyrra hjónabandi, dóttur-
ina Rósu og þann fræga mann Helga Hjörvar, sem titlaði sig rit-
höfund, en varð frægastur sem útvarpsmaður. Íslenskumaður
með afbrigðum og frábær upplesari. Glæsileg var Lárensína,
enda heillaði hún Einar svo hann yfirgaf barnsmóður sína unga
og fylgdi Lárensínu þrátt fyrir það að hún væri allmiklu eldri en
hann.

Kært hefur verið með þeim bræðrum, þótt þeir hafi verið ald-
ir upp sitt í hvorri sýslunni, því Einar kom til Péturs um leið og
hann fluttist til Hraundals. Pétur ákvað að fylgja bróður sínum
fyrsta spölinn áleiðis, enda var óvíst hvenær þeir sæjust næst.
Áður en þeir fóru létu þeir féð út, enda var veður gott og nauð-
synlegt að halda fénu til beitar. Hvað langt þeir hafa verið komn-
ir er ekki gott að vita, en þegar þeir sjá að það er farið að þykkna
í lofú og veðrabrigði sýnileg snúa þeir við. En það er eins og við
manninn mælt, fyrr en varði er komið afsþyrnuveður af norðri
með fannfergi og hörkufrosti.

Þeir bræður ná til bæjar, en lítið er hægt að gera fyrir veð-
urofsanum og fénu hafði ekki tekist að ná til húsa. Þeir fundu
aðeins fimm kindur, sem þeim tókst að koma í hús, meira er
ekki hægt að gera. Úti geisadi norðan stórvíðri með 20 stiga
frosti og ekkert að gera nema að bíða næsta dags. Það hefur ver-
ið löng bið eftir að veðrið gengi niður svo hægt væri að fara að

huga að því. Aldrei sagðist Pétur hafa lifað lengri nótt og ekki
hefði hann sofið dúr um nóttina fyrir áhyggjum yfir afdrifum
fjárins, sem þurfti að komast af í þessu stórvíðri.

Um leið og fært var út morguninn eftir, gaf á að lífa. Veðrið
hafði lamið snjóinn saman í svo harða skafla að varla markaði
fyrir sporum og fé hafði hrakist undan veðrinu, sumt yfir Ham-
arsháls og Hamarsdal og alveg niður að sjó við Langadalsströnd,
annað lá afvelta, dauft eða skaðlega kalið. Eitthvað af fénu hafði
komist í skjól og lifað ósköpin af. Af um 100 kindum drápu 30,
annað var svo kalið að þær máttu heita afurðalausar.

Þarna stóð bóndinn yfir glötuðum bústofni, sem átti að
tryggja afkomu fjölskyldunnar, sumt í sköflum, annað helfrosið
og dauft, sumt kalið. Það hafa verið þung spor að reyna að safna
því saman sem eftir lifði og koma í hús. Það dauða mátti bíða og
skuldaklukkan í Íslandsbanka á Ísafirði hélt áfram að tifa.

Eftir þetta þriðja áfall hlýtur þeim að hafa verið orðið það
ljóst að staða þeirra var orðin mjög tvísýn og fátt til ráða hjá
skuldugum einyrkja upp í afdal. Þó er eitt sem aldrei skal ske, að
leita á náðir sveitarinnar. Þau skyldu bjarga sér hvað sem það
kostaði. Ekki er vitað hvenær bréfið frá lögfræðingi Íslands-
banka á Ísafirði barst inn í Hraundal, en trúlega hefur það ver-
ið 1921. Að hætti lögfræðinga, er skuldaranum boðið að greiða
skuldina upp þar sem hún sé komin í vanskil og sé það ekki gert
verði gengið að öllum hans eigum. Ógjörlegt er að gera sér í
hugarlund hvernig þeim hefur orðið við, en nærri má geta að
fólki sem ekki mátti vamm sitt vita hafi brugðið illilega. Þau
höfðu aldrei talað við lögfræðing og litu á slíka sem hluta af
stjórnvöldum og fyrir þeim var borin óttablandin virðing. Það
hefur því ekki verið hjart yfir Hraundal daginn þann og úrræð-
in, hver gátu þau verið?

Það var ljóst að Pétur hafði enga möguleika á að greiða skuld-
ina. Tekjumöguleikar voru engir eftir að bústofninn var fallinn.
Hann þekkti ekkert annað en að standa í skilum og gat ekki
hugsað sér að einhverjir töpuðu peningum á viðskiptum við
hann. En hvernig í ósköpunum átti að ráða fram úr þessu vanda-
máli, sem enginn lausn virtist vera á?

Í þessum vandræðum hlýtur Pétur að hafa brugðið sér austur

á Strandir til að vita hvort þar væri einhverja lausn að finna. Trúlega hefur hann farið upp úr Skjaldfannadalnum og yfir jökulinn og niður Meyjardalinn niður að Dröngum og þá rætt við uppeldisbræður sína, Eirík og Finnboga. Í ljós kom að Skjaldabjarnarvík yrði laus til ábúðar í fardögum 1922. Hvort Pétur hefur þá bundið fastmælum að taka jörðina er ekki vitað, en fljótlega eftir það hefur það verið ákveðið. Hann átti ennþá tvö og hálf hundrad í Skjaldabjarnarvík, en alls var óvíst að hann gæti haldið þeirri eign í því uppjöri sem framundan var.

Eins og fyrir sex árum hóf Pétur göngu sína vestur yfir Drangajökull, þá var hann einhleypur að leita sér lækninga, búinn að yfirgefa æskuheimilið og átti í raun og veru hvergi vísan samastað. Núna átti hann konu komna langt á leið og tvö börn, en aleiguna var hann búinn að missa. Fyrir sex árum bar hann aðeins ábyrgð á sjálfum sér, nú þurfti hann að sjá farborða konu og börnum. Jörðin sem hann keypti í hjartsýni hlaut að fara upp í skuldir og bústofninn laminn niður og helfrosinn í norðan óveðri.

Hvað hann hefur hugsað á göngu sinni vestur yfir jökulinn veit enginn, en ekki er vafi á að hann hefur farið að vinna að sínum málum strax og hann kom heim. Þrautaráðið var að hjóða ábyrgðarmönnunum jörðina upp í ábyrgðirnar og semja við Íslandsbanka um að yfirfæra skuldina á þeirra nöfn. Sömuleiðis þurfti hann að semja við klerkinn í Vigur um að hann samþykkti að ábyrgðarmennirnir tækju að sér að greiða honum. Ekki er annað að sjá en að allir aðilar hafi gengið að skilyrðunum, enda vandséð að þeir ættu betri kosta völ. Þegar þess er gætt að þeir fengu jörðina, sem Pétur hafði keypt á 4.000 kr. tveimur árum áður, á 3.400 kr., er nokkuð ljóst að þeir hafa ekki borið skarðan hlut frá borði. En Pétur virðist hafa skuldað víðar, því ekki er annað hægt að sjá en að hann hafi látið þann litla bústofn sem hann átti upp í skuldir. Svo hart gengu þeir að honum sem töldu sig eiga hjá honum að hann varð að láta hesta sína utan einn, hina varð hann að fá lánaða til að flytja búslóðina yfir jökulinn, þó með því skilyrði að hann skilaði þeim strax og þau væru komin austur. Harðast mun Kaupfélag Ísfirðinga hafa gengið fram í að fá skuldina greidda, þó munu þeir hafa haft trú



Ragnheiður Pétursdóttir og Eiríkur Guðmundsson á Dröngum.

á Pétri því þeir buðu honum vinnu við kaupfélagið þar sem hann gæti greitt skuldina smátt og smátt. Þetta var í sjálfu sér vel boðið og vildi Sigríður þiggja það, en Pétur mátti ekki til þess hugsa að verða annarra þjónn, það hafði hann verið lengst af ævinni. Draumurinn var að vera sjállseignarbóndi, engum háður, og sá sem yfirgefur drauma sína á sér ekki viðreisnar von.

Þann 2. maí 1922 er svo samningurinn um sölu undirritaður í Hraundal. Kaupendur eru þeir sömu og áður gengu í ábyrgð fyrir Pétur. Þeir tóku svo að sér að greiða Íslandsbanka og klerknum í Vigur. Trúlega hefur kaupfélagið fengið eignarhluta Péturs í Skjaldabjarnarvík og 600 kr. hefur hann tapað á kaupunum, það var þungur baggi að bera. En þá hefur hann verið búinn að gera upp við alla sveitunga sína. Hann gat farið skuldlaus, en allslaus.

Ég held að þau hafi ekki saknað Hraundals, þótt þau hallmæltu aldrei nokkurri manneskju í Nauteyrarhreppi. Miklu fremur ræddu þau um fólk þar vestur frá af góðvild og virðingu

og mörgu sérstæðu og eftirminnilegu fólki kynntust þau þar. Á þeim árum voru þarna mörg stórbýli og bændahöfðingjar, að minnsta kosti vildu bændur þar láta taka eftir sér, sem sést best á því að þá var mikil tíska að verða sér út um ættarnöfn, svo sem Jón H. Fjalldal, Jóhann M. Ásgeirsson Skjaldal og að sjálfsgöðu Sigvaldi Kaldalóns. Hvað sem þeim vangaveltum líður er víst að Pétur var ekki í hugleiðingum um að taka sér ættarnafn. Hugur hans stóð til að hjarga heiðri nafns síns og það taldi hann sig hafa gert með því að greiða sveitungum sínum það sem þeir töldu sig eiga hjá honum.

Góða granna áttu Pétur og Sigríður við Djúpið. Sérstaklega báru þau vel söguna grönnum sínum á Laugalandi og virðist sem Þórður Halldórsson hafi oft verið þeim mikil hjálparhella.

Sársaukalaus hefur flutningurinn þó fráleitt verið, sjö ár höfðu farið til spillis. Pétur varð að hefja baráttuna allslaus á nýjum stað, nú með konu og tvö börn ung. Það var þó bót í máli að í Skjaldabjarnarvík var hann öllum hnútum kunnugur. Í Reykjavíri sem er næsti bær fyrir norðan Skjaldabjarnarvík hjó fólk sem Pétur þekkti vel og hann vissi að þar mun hann fá góða granna. Það átti eftir að rætast og er alveg óvíst að þau hefðu komist af í Skjaldabjarnarvík fyrstu árin án þess að eiga að slíkt afbragðs fólk sem fjölskyldan í Reykjavíri var.

Nú lá fyrir að flytja búferlum til Skjaldabjarnarvíkur, en það var ekki auðhlaupið að því að flytja frá Hraundal. Til sjávar voru um 15-20 km og til að komast sjóleiðina þurftu bát. Bátur kostar peninga og þeir voru örugglega ekki til. Landleiðin yfir Drangajökul var því eina færa leiðin. Vafalaust hefur Pétur hugleitt að ekki væri hættulaust að leggja á jökulinn með tvö ungbörn og konu, sem var komin meira en sjö mánuði á leið. Það var þó bót í máli að hann þekkti leiðina og vissi á hverju menn gátu átt von í jökulferðum.

Yfir Drangajökul

Á fardögum varð að leggja af stað. Fósturbróðir Péturs, Eiríkur á Dröngum hjálpaði við flutninganna. Þrír hestar með sleða



Guðmundur Pétursson.



Guðbjörg Pétursdóttir.

fluttu búslóðina sem ekki var stór. Nokkrar kindur átti Pétur og hænsni, hund og kött. Þessi lest átti að fara yfir Drangajökul þveran. Hæpin þótti ferðin og farin af lítilli forsjálni, en um annað var ekki að ræða. Það var búið upp á hestanna, því ekki var hægt að nota sledana fyrir en komið var upp að jökli.

Síðan var Hraundalur yfirgefinn. Sjö löng og erlið ár, ár vonbrigða og baráttu, sem frá upphafi virðist hafa verið vonlaus. Lestin silaðist af stað. Yfir Hraundalsána, fyrir Laugalandsfjall og áfram Skjaldfannadalinn í áttina að Drangajökli. Þegar komið er upp á þverbrún, tekur jökulinn við og þar var tekið af hestunum og þeir spenntir fyrir sledana. Erfiðasti hluti ferðarinnar er framundan, sjálfur jökullinn, hvítur, kaldur og ógnvekjandi. Þau eru eins og litlir svartir dílar í hvíttri auðninni, varnarlaus í skjóllitum klæðum.

Þegar fólkið er skammt komið inn á jökul tekur að þykkna í lofti. Vedrabrigði eru sýnilega framundan. Þau ræðast við. Eiríkur vill snúa við. Hann veit sem er að það er enginn barnaleikur

að komast austur af jöklinum, móti norðan stórhrið, fyrir fullfríska karlmenn, hvað þá með smábörn, þrjá hesta og konu komna langt á leið. En Pétur vill halda áfram. Hann hefur kvatt Hraundal og minningarnar þaðan eru sárar. Draumar sem ekki rætust. Þaðan bar hann frumburð þeirra hjóna í lítilli kistu. Þar missti hann mest allan bústofninn og jörðina sem hann keypti og átti að gera hann að sjálfseignarbónda. Honum finnst það jaðra við uppgjöf að snúa við og að engu að hverfa. Enginn eldiviður enginn matur. Fátæklegri búslóðinni hefur verið pakkað saman á sleðana. Hann var búinn að kveðja þessi sjö ár og vildi nú fara að takast á við nýjan veruleika á nýjum stað. Að koma inn í köld og hrörleg húsakynnin í Hraundal, hlaut að vekja upp minningar sem best var að gleyma.

Kannski hafa einhverjar slíkar hugrenningar liðið gegnum hug hans, þar sem þessi litli vanbúni leiðangur stóð á hjarnbreiðunni, meðan vaxandi vindkviðurnar þeyttu sárbeitum ísnálum í andlit ferðafólksins. Pétur varð að taka ákvörðun. Hann hlýtur að hafa horft á börnin, tveggja og fjöggra ára. Stúlkan horfir stórum undrandi barnsaugum á foreldra sína og annarlegt umhverfið, hún skynjar að eitthvað er ekki eins og það á að vera. En drengnökkinn er frakkur og sprækur með glampa í augum, því hann finnur á sér að ævintýri er framundan. Pétur veit fullvel hvað getur beðið þeirra ef veður versnar, hann þekkir veðrin í Hraundal. Hann sagði síðar að ekki væri hægt að líkja þeim við neitt, fannburður og rok gátu staðið dögum saman svo ekki sá út úr augum og ef slíku veðri fylgdi hörkufrost var vand séð hvernig þau gætu bjargað sér.

Þó hlýtur að hafa verið erfitt að gefa skipun um að snúa við, en ákvörðunin gat aldrei orðið önnur. Það var því snúið til byggða og þegar komið var niður á þverbrekku voru sleðarnir skildir eftir og aðeins það nauðsynlegasta tekið með. Það var dapur hópur sem hélt undan harðnandi veðrinu niður Skjaldfannardalinn. Aðkoman að Hraundal var ömurleg, allt orðið kalt, enginn eldiviður og takmarkaður matur, aðeins nestið sem átti að nota á leiðinni. Það sagði Sigríður síðar á ævinni að aldrei hefði hún lifað ömurlegri daga en þennan hálfu mánuð, sem þau urðu að dvelja í Hraundal og bíða eftir ferðaveðri.

Þau urðu að ná í eldivið og mat, þá var farið að Laugalandi og Þórður brást ekki vinum sínum. Hann hjálpaði þeim um brýnustu nauðsynjar. Enginn getur gert sér í hugarlund hvernig þeim hefur liðið þennan hálfu mánuð, sem beðið var eftir því að veðrið gengi niður, en lengi hafa dagarnir verið að líða. En öll él birtir upp um síðir og þegar loks lægði var ekki beðið boðanna. Enn var lagt af stað og nú gekk allt betur. Þegar á jökulinn var komið var færðin orðin erfið. Á einum sleðanum var ætlast til að Sigríður gæti hvílt sig, þunguð konan en þau voru ekki komin langt þegar nýtt vandamál kom upp. Ærnar fóru að bera, enda komnar að burði og ferðin og erfiðið hafa flýtt fyrir. Það er því ekki um annað að ræða en að setja ærnar á sleðann með lömbunum, Sigríður varð að ganga. En áfram miðaði samt og þegar komið var niður í Meyjardalinn af jöklinum varð að skilja sleðana eftir og búa upp á hestana, því ekki var nægur snjór til að sleðarnir kæmu að gagni. Eftir 18 klukkutíma ferð var komið að Dröngum.

Þessi erfiða ferð var að baki, ferðin sem þau höfðu kviðið svo mjög. Víst er að aldrei áður hafði yngri stúlka en Guðbjörg gengið þveran Drangajökul, aldrei hafði yngri piltur en Guðmundur farið yfir jökulinn og ég efast um að nokkurn tíma fyrr hafi gengið jökulinn kona önnur en Sigríður komin meira en sjö mánuði á leið. Þau voru illa búin, engin skjólföt, ekkert sem nútíma fólk telur svo sjálfsagt þó ekki sé farið nema á milli bæja. Þau þekktu allar aðstæður og vissu við hverju mátti búast. Pétur og Eiríkur voru þaulvanir jöklaferðum, eflaust hafa þeir farið margar ferðir yfir jökulinn með svo kallaðar víðarlestir, sem ekki hafa verið neinar skemmtireisur. Síðar sagði Pétur að hann væri viss um að Eiríkur hefði bjargað lífi þeirra allra með því að leggja svo fast að þeim að snúa við.

Ekki er að efa að móttökurnar á Dröngum hafa verið hlýjar og þeim hefur fundist að búið væri að heimta fólkið úr helju, því engar fréttir höfðu borist af þessum flutningum og ekki var vitað hvort þau hefðu verið komin af stað þegar veðrið skall á og þá með öllu óvíst hvernig þeim hefði reitt af. Fólkið hvíldist á Dröngum, en daginn eftir var haldið norður til Skjaldabjarnarvíkur.

Þar með hófst nýr kapítuli í búskaparsögu þeirra hjóna, sem byrjaði á því að þau urðu að moka snjó út úr baðstofunni því hún hafði verið í eyði um veturinn. Í Skjaldabjarnarvík bjuggu þau í þrettán ár og þurftu oft að þræða tæpar götur. En þau höfðu þar góða vætti sem voru Hallvarður Hallsson sem grafinn er í túninu í Skjaldabjarnarvík af því hann vildi ekki hvíla í kirkjugarði og álfkonuna góðu sem bjó í klettaborginni Kór í túninu rétt hjá bænum. Hún taldi það skyldu sína að sjá um að við systkinin færum okkur ekki að voða, enda var ekki alltaf hugsað áður en framkvæmt var, þá frekar en síðar. En það er önnur saga, sem ekki verður rakin hér og nú.

Hvolsvelli 22. apríl 1999

*Guðmundur P. Valgeirsson,
Bæ, Trékyllisvík:*

„Þegar
hnýðingarnir
komu!“



Það var á bernskuárum mínum að ég var að snúast í baðstofu- hluta Soffíu móðursystur minnar í gamla bænum í Norðurfirði. Hún var að ræða við mig um eitt og annað í hálfkveðnum orð- um, sem ég skildi ekki til fulls. Þessi frænka mín hafði upplifað margt á sinni löngu og viðburðaríku ævi í harðri lífsbaráttu, sem borin var uppi í trú á föðurbönd þess almættis sem yfir okkur býr. Eftir stundarþögn segir hún með sérstökum hreim þessa setningu: „Þegar hnýðingarnir komu!“ Og jafnskjótt leið and- varp af vörum hennar, – bænrandvarp eins og það kæmi frá innstu rótum hjartans. Og um leið bar hún fram þakkarorð til Guðs. Ég hlustaði hljóður og fann að eitthvað stórt lá að baki þessari fáorðu setningu, eitthvað sem henni var erfitt að tala um, atburður sem lá í innstu sálarkynnum þessarar öldruðu og lífsreyndu konu sem erfitt var að ræða og alls ekki til þess fall- inn að fjasa um. Ég spurði hana ekki frekar út í þetta, því ég fann kenna grátklökkva í rödd hennar. En hún sagði mér þó, að þessi orð hennar lytu að því, að höfrungar, sem margir Stranda- menn kölluðu hnýðinga, hefðu flúið undan hafis og lent í vök við Miðhúsatangann á Munaðarnesi. Meira fékk ég ekki að vita hjá Soffíu frænku minni og olli andvarp hennar mér miklum